

Af hverju má ekki aka utan vega á Íslandi?

Af því að mjög erfitt er að afmá skemmdir á íslenski náttúru. Ísland liggur rétt sunnan við heimskautsbaug. Vaxtartími gróðurs er stuttur og gróðurskemmdir geta verið áratugi að jafna sig.

Af hverju myndast för eftir hjól farartækis ef þú ekur yfir

óraskað land gróið jafnt sem ógróið? Íslenskur jarðvegur er eldfjallajarðvegur og því mjög laus í sér. Hjól farartækja sökkva auðveldlega í jarðvegin og grafa skurði í yfirborðið.

Af hverju veldur utanvegaakstur oftast náttúruspjöllum?

Hjölför farartækja raska heildarsvip óraskaðs lands og skemma þannig ásýnd landsins. Hjölför verða að vatnsfarvegum í leysingum og rigningum og stuðla þannig að jarðvegsrofi og skemmdum.

Hvernig raska hjölför svipmóti lands? Á hálendi Íslands er landslag opið og sjóndeildarhringurinn víður. Allt landslag hefur einkennandi svipmót, eða lögun. Hjölför stinga í stúf við náttúrulegt landslag vegna þess að þau eru drættir eða línur, sem ekki eru hluti af heildarsvipnum. Hjölför utan vega hafa einnig aðdráttarafl fyrir aðra vegfarendur og hvetja til frekari utanvegaaksturs.

Akið ekki utan vega. Akið merktu vegi ekki ósnortið land. Farið eins langt og þið getið á veginum en gangið ef ykkur langar lengra. Þá getið þið sagt við börnin ykkar og barnabörnin „Farið og sjáið það sem ég sá þegar ég var ungur“.



Why is off-road driving not permitted in Iceland?

Because it is very difficult to repair the damage it does to the Icelandic natural environment. Iceland lies just south of the Arctic Circle. The growth period is short, and damage done to vegetation may take years to heal.

Why do tire tracks occur when a vehicle is driven over untouched land, whether vegetated or not? Icelandic soil is volcanic soil and therefore very loose. The tires of vehicles easily sink into the soil and dig ditches or canals in its surface.

Why does off-road driving most often cause damage to the natural environment? Tire tracks disrupt the overall look of untouched land and thus ruin the appearance of the country. They become channels for water in ablation and rain, and thus contribute to soil erosion and damage.

How do tire tracks disrupt the appearance of the land? The landscape in the Icelandic highlands is wide open and the horizon is broad. All landscape has a characteristic shape or feature, and tire tracks are a contrast to the natural landscape because they are impressions or lines that are not a part of its original appearance. Tire tracks also act as magnets for other drivers and encourage further off-road driving.

Do not drive off-road. Use marked roads, not untouched land. Go as far as you can by road, but walk if you want to go farther. Then you can say to your children and grandchildren, "Go and see what I saw when I was young."

Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24 • 108 Reykjavík

Sími 591 2000 • Fax 591 2020

Netfang ust@ust.is • Heimasíða www.ust.is

Ljósmyndir: Sýslumaðurinn og lögreglan í Keflavík • Umbrot og prentun: Gutenberg

Lög og reglur sem snerta utanvegaakstur eru:

lög nr. 44/1999 um náttúruvernd og reglugerð um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands nr. 528/2005 ásamt reglugerð nr. 879/2004 um Þjóðgarðinn Skaftafell og lög nr. 50/1987/Umferðarlög

Í 17. gr. Náttúruverndarlaga segir: Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega..... Þetta er skýrt og afdráttarlaust en það eru undantekningar. Lögín heimila er að aka á snævi þakinni og frosinni jörð og um tiltekin störf gilda ákveðnar reglur, sjá reglugerð.

Ólögætur akstur utan vega varðar refsingu

Í 88. gr. Umferðalaga segir:

Sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúna ökutæki skal bæta það tjón sem hlýst af notkun þess...og í 90. gr. Umferðalaga segir: ... eigandi (umráðamaður) vélknúns ökutækis ber ábyrgð á því og er fébótaskyldur...Vegna þessara ábyrgða eru ökutæki vátryggð.

Vátryggingarfélög geta krafð ökumenn um greiðslur á bótum vegna landspjalla sem þeir valda við utanvegaakstur. Bílaleigur geta krafð ökumenn um greiðslur vegna skemmda á bílum vegna utanvegaakurs og alls ekki má fara á sumum bílaleigubílum inn á hálendi Íslands.

Í reglugerð nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands er m.a. fjallað um eftirfarandi:

- Náttúruspjöll eru skilgreind sem spjöll á gróðri, dýralífi, jarðvegi, jarðmyndunum og landslagi hvort sem um varanlegan eða tímabundin skaða er að ræða.
- Vegur er skilgreindur sem varanlegur vegur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er að staðaldrí til umferðar.
- Bannað er að aka utan vega. Heimilt er að aka á snævi þakinni og frosinni jörð ef ekki er hætt á náttúruspjöllum.
- Heimilt er að aka utan vega vegna tiltekinna starfa ef nauðsyn krefur enda sé ekki hægt að framkvæma viðkomandi störf á annan hátt. Hér getur verið um lögbundnar rannsóknir að ræða, björgunarstörf, landbúnaðarstörf og önnur störf sem hafa fengið leyfi stjórnvalda samkvæmt lögum.
- Aðeins er heimilt að aka sérstökum torfærutækjum á svæðum sem samþykkt hafa verið fyrir aksturslíþróttir.
- Í reglugerðinni er einnig fjallað um umferð ríðandi manna, rekstur hrossa og umferð hjólandi manna.
- Brot gegn reglugerðinni varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

The following laws and regulations pertain to off-road driving:

Nature Conservation Act number 44/1999, regulation regarding off-road driving number 528/2005 and regulation number 879/2004 regarding Skaftafell National Park. Highway Act number 50/1987. Article 17 of the Nature Conservation Act (44/1999) states that Motorised vehicles may not be driven off-road..... This is clear and definite, but there are exceptions to this rule. The Act later specifies that driving on snow and ice and work-related driving are subject to regulations regarding off-road driving. Illegal offroad driving shall be liable to punishment.

According to the Highway Act, those responsible for a vehicle are liable for the damage it may cause, as stated in Article 88 of the Highway Act: The person responsible for the registration of a motorised vehicle must repair the damage caused by its operation and Article 88 of the Highway Act states that the owner (possessor) of a motorised vehicle is responsible for it and therefore liable to provide monetary compensation for damages

Because of this liability, cars are insured, but insurance companies may demand that drivers pay compensation for damage they cause to the environment through off-road driving. Insurance companies do not pay for water damage vehicles suffer during a river-crossing. Car rental agencies may require that drivers pay for repairs of damages to rental cars caused by off-road driving, and it is prohibited to take certain rental cars to the highland regions.

Regulation nr. 528/2005, regarding limited traffic in Icelandic nature areas, deals with the following:

- The regulation defines environmental damage as damage to flora, fauna, soil, terrane and landscape, whether the damage is permanent or not.
- A road is defined as a permanent road, street, side road, path, alley, bridge, square, parking place or any such structure, which is habitually used for traffic.
- Off-road driving is prohibited. Driving on snow or ice is permitted as long as there is no danger of environmental damage being done.
- Driving off-road is permitted if deemed necessary in order to carry out certain jobs that cannot be carried out otherwise. This may include legalised research, rescue operations, agricultural work and other work that has been permitted by law by the government.
- Driving special off-road racing vehicles is only permitted in areas that have been approved for motor sports.
- The regulation also pertains to horse riding, horse herding and bicycling.
- Violators of the regulation are subject to fines or imprisonment of up to two years.

Akvegir utan byggðar á Íslandi eru hlutfallslega fáir og flestir illfærir nema um hásumarið. Það er mikilvægt að kynna sér þau lög og reglur sem gilda varðandi akstur utan vega.

Ein af ástæðum utanvegaaksturs er ófærð á hálendisvegum. Vegagerðin lokar vegum þar til þeir eru færir. Lokanir fara fram með merkingum og auglýsingum. Vegagerðin gefur reglulega út kort um ástand fjallvega og lokanir í samvinnu við Umhverfisstofnun og má nálgast það hjá ferðaþjónustuaðilum, sjóppum og bensinstöðvum en einnig á vefsíðunum: www.vegagerdin.is og www.ust.is

Roads in uninhabited areas are rare, and most of them difficult to travel except during the summer. It is important to acquaint yourself with the rules and regulations in effect regarding off-road driving.

One of the reasons for off-road driving is the difficulty involved in driving on highland roads after the snow melts and in wet weather. The closing of roads is put into effect by posting signs and advertising. Advertisements are posted in newspapers and on the radio, but a map is issued regularly, detailing the conditions of roads in unsettled areas. The Public Roads Administration and Environment and Food Agency issue this map, which is available at travel agents, travel information centres, shops and petrol stations, and also at www.vegagerdin.is and www.ust.is

